

## ÖKUGERÐI Á MOTOPARK-SVÆÐINU Í REYKJANESBÆ

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging ökugerðis á MotoPark-svæðinu í Reykjanesbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingaleyfi Reykjanesbæjar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b.. Bendir stofnunin á að Umferðarstofa þarf að veita samþykki fyrir rekstri ökugerðisins skv. reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. september 2010.

25. ágúst 2010

## INNGANGUR

Í bréfi dags. 19. júlí 2010 voru tilkynnt til Skipulagsstofnunar af VSÓ Ráðgjöf verkfræðistofu áform um byggingu ökugerðis á MotoPark-svæðinu í Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 19. ágúst 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 5. ágúst 2010, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 6. ágúst 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. ágúst 2010.

Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ Ráðgjöf með bréfi dags. 23. ágúst 2010.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða byggingu 8 ha ökugerðis á svokölluðu MotoPark-svæði, sem skipulagt hefur verið sunnan við Reykjanesbraut og vestan við vegamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurveggar. Ökugerðið mun samræmast kröfum reglugerðar nr. 501/1997 um ökuskírteini (X. viðauki) þar sem m.a. fari fram kennsla, æfingaakstur, prófun á tækjum og búnaði, kynningar og rannsóknir á slysum. Áætlað sé að malbika akstursvæði og bílastæði, alls rúmlega 55.000 m<sup>2</sup>, og byggja um 1.600 m<sup>2</sup> þjónustubyggingu, sem rúmi móttöku og aðstöðu fyrir leiðbeinendur, fundahöld og viðhald bifreiða. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé nokkuð flatt, þar hafi verið stunduð jarðvegsvinna og svæðið því talsvert raskað. Efni til framkvæmdanna verði unnið innan framkvæmdasvæðisins, en ef þörf verði á frekari efnistöku verði efni tekið úr Stapafelli, meginefnistökusvæði Suðurnesja. Áætlað sé að verkið verði unnið á árinu 2010.

Fram kemur að hvert ár taki rúmlega 3.000 ungmenni ökuþróf á Suðvesturlandi og stefnt sé að því að allir ökunemar nýti þjónustu ökugerðisins. Tilgangur með fyrirhugaðri framkvæmd sé að koma upp æfinga- og kennslusvæði til að auka umferðaröryggi.

**Áhrif á vatnafar.** Fram kemur að sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði sé vatnsverndarsvæði, sem liggja sunnan Reykjanesbrautar og skammt undan sé vatnsból sveitarfélagsins Voga. Hætta geti verið á að grunnvatn mengist ef umgengni við spilli-, úrgangs-, eða hættuleg efni sé ábótavant. Grunnvatn frá MotoPark-svæði og fyrirhuguðu ökugerði streymi að grannsvæði vatnsbóls sveitarfélagsins Voga í Vogavík. Við breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna MotoPark-svæðisins hafi Hitaveita Suðurnesja (eigandi fiskeldisstöðvar í Vogavík) talið litla hættu á mengun grunnvatns, ef fráveita frá MotoPark-svæðinu verði fullnægjandi. Fram kemur að fráveita frá ökugerði verði tengd við stofnlagnir í Fitjum, Reykjanesbæ og lítið af spilliefnum verði geymt á svæðinu. Meðan á framkvæmdum standi verði haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja varðandi mengunarvarnir. Áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn verði óveruleg.

**Áhrif á gróðurfar og fuglalíf.** Fram kemur að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu flákar með mosapembu og lyngi, en milli gróðurfláka sé ógróin mold. Fléttur séu áberandi, einkum hreindýramosi. Stórum hluta framkvæmdasvæðisins hafi þegar verið raskað. Fram kemur að fuglalíf sé ekki fjölskrúðugt en þar gætu verið varplönd mófugla. Fyrirhuguð framkvæmd muni skerða gróðurfláka á svæðinu og hugsanlega einnig búsvæði mófugla. Umfang framkvæmdasvæðis sé þó lítið og land þar rofið

með mosapembum og lynggróðri inn á milli. Áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar og fuglalíf verði óveruleg.

**Áhrif á landnotkun og verndarsvæði.** Fram kemur að sunnan við fyrirhugað ökugerði séu svæði á náttúruminjaskrá (Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár, Grindavík, Reykjanesbæ og Vatnsleysustrandarhreppi) og útivistarsvæði sé í Sólbrekkum, um 1 km sunnan við ökugerðið. Fyrirhugaðar byggingar á svæði ökugerðisins muni breyta ásýnd landsins en aðrir hlutar ökugerðisins verði ekki áberandi.

**Áhrif á hljóðvist.** Fram kemur að ekki hafi verið metinn hávaði frá akstri ökutækja í ökugerðinu, enda sé óvissa um umfang starfseminnar þar. Vegna hönnunar Go-kart akstursbrautar, sem einnig verði starfrækt innan MotoPark-svæðisins, hafi hávaði frá starfseminni verið metinn. Hávaði á Go-kart brautinni sjálfri verði 75 til 80 dB(A) og allt að 60 dB(A) við vegg hús á þjónustusvæði sem fyrirhugað sé að reisa meðfram Reykjanesbraut.

Fram kemur að í ökugerðinu verði umferð venjulegra fólksbíla og hávaði frá ökugerði mun minni en frá Go-kart akstursbraut og ökugerðið verði óveruleg viðbót við umferð um Reykjanesbraut. Ólíklegt sé að hávaði frá ökugerði muni trufla útivistarfólk umfram það sem hljótist af umferð um Reykjanesbraut og Go-kart braut.

**Áhrif á fornleifar.** Fram kemur að engar fornminjar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

**Áhrif landslag og ásýnd.** Fram kemur að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé land slétt. Þar sé einsleitt grágrýtishraun, sem sé að hluta gróið mosa og lyngi, en einnig sé landið rofið. Fyrirhugað ökugerði muni ekki rísa hátt upp úr landinu og því verða lítt áberandi, nema séð frá Reykjanesbraut. Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag verði óveruleg.

**Áhrif á loftgæði.** Fram kemur að bygging og rekstur ökugerðis muni auka losun mengandi efna s.s. kolmónoxíðs og köfnunarefnisoxíða. Hún verði hins vegar brot af því sem losni frá bílaumferð um Reykjanesbraut. Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á loftgæði verði óveruleg.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995 – 2015 og tillögu að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024. Fyrirhugað ökugerði sé einnig í samræmi við deiliskipulag.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif ef tryggt verður að grunnvatn mengist ekki vegna starfsemi ökugerðisins, eldhrauni verði hlíft og útivist í Sólbrekkum verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum vegna hávaða frá starfseminni.

**Áhrif á vatnafar.** Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að grunnvatn streymi um svæðið þar sem ökugerðið verði og að grannsvæði vatnsbólssveitarfélagsins Voga. Gerðar verði strangar kröfur um meðferð mengandi efna á

svæðinu til að tryggja að grunnvatn mengist ekki og að gæði neysluvatns sveitarfélagsins Voga haldist.

Umhverfisstofnun bendir á að mögulega verði eldsneyti, hættuleg efni og spilliefni geymd í ökugerðinu. Mikilvægt sé að strax verði sett ákvæði um umgengnisreglur og frágang vegna geymslu slíkra efna.

Í svari VSÓ Ráðgjafar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði utan vatnsverndarsvæða. Þá liggja Reykjanesbraut á milli framkvæmdasvæðisins og vatnsbóls sveitarfélagsins Voga. Einnig kemur fram að haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja varðandi geymslu eldsneytis og spilliefna.

**Áhrif á landslag og staðhætti.** Umhverfisstofnun bendir á að eldvörp, gervigígar og eldhraun njóti verndar samkvæmt lögum og forðast skuli að raska þeim eins og kostur sé. Af nýlegri loftmynd að dæma megi greina að vegagerð á svæðinu sé hafin og bendir Umhverfisstofnun á að skilja þurfi eftir ósnortið hraun þar sem þess sé kostur. Þá átelur Umhverfisstofnun efnistöku suðvestur af MotoPark-svæðinu, samkvæmt loftmynd, þar sem hrauni hafi verið raskað að óþörfu á svæði frá efnistökusvæðinu að línuvegi, sunnan við námuna.

Í svari VSÓ Ráðgjafar kemur fram að umrætt efnistökusvæði tengist ekki framkvæmdum við fyrirhugað ökugerði. Á MotoPark-svæðinu sé hraun frá síðari hluta ísaldar og yfir því 1-4 m þykk jarðlög. Því sé ekki um nútímahraun að ræða, en slík hraun falli undir skilyrði náttúruverndarlaga.

**Áhrif á fornleifar.** Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að þekktar fornleifar séu utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og þeim ætti ekki að stafa hættu af framkvæmdum þar.

**Áhrif á hljóðvist.** Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um hljóðvist við ökugerðið sé óljós. Fullyrt sé að hávaði frá ökugerði verði minni en frá fyrirhugaðri go-kart akstursbraut þó áætlaður hávaði frá ökugerði liggja ekki fyrir. Einnig sé talið ólíklegt að útivistarsvæðið í Sólbrekkum, um 1 km sunnan við væntanlegt ökugerði, verði fyrir áhrifum vegna hávaða frá ökugerði, sem ekki sé rökstutt fyllilega.

Í svari VSÓ Ráðgjafar er bent á að óvissa sé um hversu umfangsmikil starfsemi verði í ökugerðinu. Á svæðinu verði einkum um að ræða akstur venjulegra fólksbíla. Í tilkynningu hafi verið lagðar fram upplýsingar um hávaða frá nærliggjandi fyrirhugaðri go-kart akstursbraut, þar sem notaðir verði bílar með vélum sem valda mun meiri hávaða en hefðbundnir fólksbílar. Einnig er bent á hávaða frá umferð um Reykjanesbraut (ÁDU rúmlega 10.000 bílar) og Grindavíkurvegi, sem liggja nálægt útivistarsvæðinu í Sólbrekkum (ÁDU um 3.000 bílar). Telur framkvæmdaraðili að hávaði frá ökugerði verði óveruleg viðbót við núverandi hávaða frá umferð um nærliggjandi vegi og væntanlegan hávaða frá fyrirhugaðri go-kart akstursbraut.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu ökugerðis innan svokallaðs MotoPark-svæðis í Reykjanesbæ. Ökugerðið verður á 8 ha svæði meðfram Reykjanesbraut að sunnanverðu og vestan við vegamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar. Í ökugerðinu verður ökukennsla, æfingaakstur, prófun á tækjum og búnaði, kynningarstarfsemi og þar verða gerðar rannsóknir á umferðarslysum. Malbika á rúmlega 55.000 m<sup>2</sup> akstursvæði og bílastæði og byggja um 1.600 m<sup>2</sup> þjónustubyggingu. Efni til framkvæmdanna verður unnið innan

framkvæmdasvæðisins, en ef þörf verði á frekari efnistöku verður efni tekið úr Stapafelli, meginefnistökusvæði Suðurnesja.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhugað ökugerði verður ekki á svæði sem nýtur verndar með tilliti til grunnvatns eða jarðmyndana. Einnig liggur fyrir að fornleifar verða ekki í hættu og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja mun gera strangar kröfur um meðferð mengandi efna á svæðinu til að tryggja núverandi gæði neysl vatns í sveitarfélaginu Vogum. Ljóst er að auk umferðar vegna ökugerðisins verður einnig keppt á go-kartbílum innan akstursþróttasvæðisins MotoPark og að svæðið verður staðsett við fjölfarnar umferðaræðar. Telur Skipulagsstofnun að þó óvissa sé um umfang umferðar innan ökugerðisins, megi gera ráð fyrir að neikvæð áhrif starfseminnar á hljóðvist og loftgæði verði ekki umtalsverð og starfsemin muni ekki bæta umtalsvert við neikvæð áhrif væntalegrar go-kartbrautar eða þau áhrif sem þegar hafa komið fram vegna umferðar um Reykjanesbraut og Grindavíkurveg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjöf, við tilkynningu og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging ökugerðis á MotoPark-svæði í Reykjanesbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingaleyfi Reykjanesbæjar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b.. Bendir stofnunin á að Umferðarstofa þarf að veita samþykki fyrir rekstri ökugerðisins skv. reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. september 2010.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Rut Kristinsdóttir